SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# Endurvinnsla á plastumbúðum

## Tilraunaverkefni á Seltjarnarnesi




VOTTUN HF. IST ISO 9001
VOTTUN HF. IST ISO 14001
JAFNLAUNA-VOTTUN VR

# Bakgrunnur verkefnisins

- Plast í blönduðum úrgangi frá Seltjarnarnesi er 18,7% eða um 30 kg á íbúa.
- Samtals 132 tonn árið 2015.
- Aðeins um 1-2 kg af því plasti sem til fellur hjá íbúum, skilar sér nú flokkað í endurvinnslufarveg.
- Það eru einungis um 7 tonn.
- Markmiðið: Ná 15 kg af plasti á íbúa í endurvinnslu.



# Ávinningur af endurvinnslu

Endurvinnsla á einu tonni af plasti sparar:

- Sem samsvarar 4-5.000 lítrum af bensíni.
- Orku sem nemur því sem meðalheimili notar á rúmu ári.

Ef það plast sem nú fer í urðun frá íbúum á Seltjarnarnesi færi í endurvinnslu myndi það spara yfir 260 tonn af olíu!

Í 1 kg af plasti þarf um 2 kg af olíu (hráefni og orka).

Plast er hægt að endurvinna aftur og aftur!



# Markmið tilraunaverkefnis

- Kanna möguleikann á að nota núverandi hirðukerfi til söfnunar á plastumbúðum.
  - Sleppa auka íláti og viðbótar hirðukerfi.
- Að meta gæði og magn plasts sem berst frá sveitarfélaginu til endurvinnslu.
- Að meta kostnað sem fellur til vegna meðhöndlunar plastsins.

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# Tilgangur

- Niðurstaða verkefnisins mun nýtast SORPU og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til ákvarðana um framtíðarlausnir á söfnun plastefna.



ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# Framkvæmd verkefnisins

- Verkefnið stendur yfir í 1 ár.
  - Framvindan kynnt reglulega.
- Þann 19. maí birtist auglýsing í Nesfréttum þar sem verkefnið er kynnt.
- Þann 23. maí fá íbúar póst með 3-4 pokum fyrir plastumbúðir, ásamt leiðbeiningum.
- Tvær mismunandi stærðir eru á pokunum.



# Pokar fyrir plastumbúðir

- Stærri pokinn rúmar það plast sem fellur til á u.þ.b. mánaðartímabili á meðalstóru heimili.
    - Hvert heimili fær 3 stk af honum.
- Minni pokinn er aðeins fyrir þá sem nota sorplúgur í fjölbýlishúsum.
    - Heimili í fjölbýlishúsum þar sem eru sorplúgur fá 4 eintök.



SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# Hvað fer í pokana?

- Allar umbúðir úr plasti.



SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# Plastumbúðir






# Hvers vegna bara plastumbúðir?

- Til eru þúsundir af plasttegundum og nýtingarmöguleikar þeirra eru ólíkir. Endurvinnsla á plasti krefst því mikillar flokkunar hjá endurvinnsluaðilum og getur þar af leiðandi verið kostnaðarsöm.
- Til að auðvelda endurvinnslu á plastumbúðum er sérstakt úrvinnslugjald lagt á hvert kg af umbúðum.
  - Úrvinnslugjaldið er síðan notað til að greiða fyrir meðhöndlun umbúðanna og endurnýtingu eftir að þær hafa þjónað upphaflegum tilgangi sínum.
- Samningur SORPU við endurvinnsluaðila í Svíþjóð er um móttöku á umbúðum úr plasti og endurvinnslufarvegur tekur mið af þeim plasttegundum sem er að finna í umbúðum.
- **Annað plast en umbúðir ber ekki úrvinnslugjald og á ekki heima í flokkuninni.**
  - Til dæmis pennar, leikföng, geisladiskar, hirslur og fleira úr plasti.

# Hvernig á að flokka?



# Sorphirðan

- Úrgangur er fluttur með sorphirðubílum til SORPU í móttöku- og flokkunarstöðina í Gufunesi.
  - Pokarnir eru útbúnir með loftgötum svo þeir springi ekki á leiðinni.
  - Pokar með plasti eru flokkaðir frá öðrum úrgangi með vélum.
  - Plastið er síðan baggað og flutt til Svíþjóðar til endurvinnslu.
- SORPA sér ekki um sorphirðu.
  - Gámaþjónustan sér um sorphirðu á Seltjarnarnesi.



SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# Hvar fást pokar?

- Hægt verður að nálgast fleiri poka undir plastið í Íþróttamiðstöðinni á Seltjarnarnesi og er það íbúum að kostnaðarlausu.
- Afgreiðslan er opin virka daga frá 8-22 og 9-18 um helgar.
- Gert er ráð fyrir að 3-4 pokar verði afhentir í hvert skipti.



# Pokar eða tunnur???

- Það þarf sama magn af hráefni í 1 sorptunnu og í 288 poka (stærri gerðina).
- Þetta magn poka dugar undir plast meðalheimilis í 24 ár.
- Það þarf því að nota tunnuna lengur en í 24 ár til að hún sé umhverfisvænni en pokarnir.

# Framtíðin *gas- og jarðgerðarstöð 2018*




SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM